



Sjávarútvegssýningin 2005

Vel heppnaður bás hjá Kælitækni


Kælitækni tók þátt í vel heppnaðri sjávarútvegssýningu í byrjun september.

Áætlað er að allt að 19 þúsund gestir hafi sótt sýninguna sem haldin er á þriggja ára fresti. Er það um eitt þúsund gestum fleiri en á sýningunni 2002. Bás Kælitækni var mjög vel sóttur af nýjum sem gömlum viðskiptavinum og öðrum sem vildu kynna sér starfsemi fyrirtækisins.

Það er mál manna að básinn hafi verið glæsilegur og allar upplýsingar aðgengilegar. Vel var hlúð að gestum og þáðu þeir góðar veitingar á meðan þeir kynntu sér lausnir Kælitækni fyrir sjávarútveginn.



"Keep it Cool" bíjörin kom vel út í ísskópnum



Glatt á hjalla á bás Kælitækni



Kælitækni básinn var iðulega vel sóttur af áhugasömum gestum

Ísmolar

Einn góður á ensku. "What's similar with american women and the hurricanes that have been hitting the south and east coast of USA? Well they are both wet and wild and when they leave they take your house and car away from you.....".


Þrír karlar sátu saman yfir glasi. Þeir fóru að ræða um eiginkonur sínar. Fyrst segir sá dökkhærði - konan mín er svo undarleg, það var nautakjötsútsala í Hagkaup um daginn og hún keypti 50 kg af kjöti og við sem eigum ekki einu sinni frystikistu.

Nú liggur allt þetta kjöt í þvottahúsinu og við komumst örugglega ekki yfir að éta það áður en það skemmist.

Þá segir sá rauðhærði - konan mín er svo klikkuð, það var útsala á notuðum bílum um daginn og hún keypti sér Toyota og hún er ekki einu sinni með bílpróf. Nú stendur bíllinn bara framan við húsið okkar óhreyfður.

Þá var ljóshærði karlinn farinn að veltast um af hlátri og segir við félagar sína - ykkur finnst konurnar ykkar ekki gáfulegar, þið ættuð þá að vita hvernig mín er. Hún er úti á Grikklandi með saumaklúbbnum sínum, ha, ha, ha, og

hvað haldið þið að hún hafi tekið með sér, ha, ha, ha. Hún tók með sér 50 pk af smokkum og hún sem er ekki einu sinni með typpi.



Kælitækni óskar öllum viðskiptavinum gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum



Útgefandi: Kælitækni ehf.
Ábyrgðarmaður: Sigurður Bergsson
Umsjón: Ásgrímur H. Helgason
Hönnun og uppsetning: Prentsmiðja Guðjóns Ó.
Prentun: Prentsmiðja Guðjóns Ó.
Eftirprentun er heimil úr Köldum kveðjum sé heimildar getið.



Kælitækni

Kaldar kveðjur



Fréttabréf, 22. tbl. – desember – 2005

Sala á loftkælubúnaði hjá Kælitækni hefur aukist töluvert að undanfögnu

Þörf fyrir loftkælingu er stöðugt að aukast hér á landi. Má þar nefna þörf fyrirtækja til að kæla niður ýmsan tölvu- og hátækniþúnað. Allur tölvubúnaður endist mun betur við rétt hitastigi og rekstrarkostnaður verður lægri.

Þá má nefna loftkælingu í almenn skrifstofu- og verslunarrými. Í vel kældu skrifstofurými liður starfsfólki mun betur og framleiðni getur haldist stöðugri þar sem mikill hiti, sérstaklega yfir sumartímann, getur dregið úr afköstum. Einnig liður viðskiptavininum betur í kældu verslunarrýminu sem verður til þess að hann staldrar lengur við og verslar frekar.

Kælitækni býður breitt úrval loftkælubúnaðar frá tveimur af stærstu framleiðendum slíks búnaðar í heiminum.

Hér á eftir fara nokkur dæmi um fyrirtæki sem keypt hafa loftkælingu hjá Kælitækni að undanfögnu.

Hugsandi menn

Hugsandi menn ehf. sem m.a. selur og þjónustar heimasíðukerfið Web Ed Pro keypti nýverið Carrier loftkælingu fyrir tölvurými sitt.

Hugbúnaðarfyrirtæki eins og Hugsandi menn þurfa á miklum tölvubúnaði að halda. Slíkur búnaður er dýr og ending hans er mjög háð hversu vel hann er kældur.



Með Carrier loftkælubúnaðinum frá Kælitækni ná Hugsandi menn að halda hitastigi rýmisins í kringum 20°C sem er kjörhitastigi fyrir tölvubúnað.


Í uppsetningu er einnig gert ráð fyrir að Hugsandi menn geti auðveldlega bætt við loftkælubúnaði í almennt skrifstofurými sitt og viðhaldið kjörhitastigi allan ársins hring.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Í tengslum við stækkun flugstöðvar Leifs Eiríkssonar er verið að setja upp Carrier loftkælingu frá Kælitækni fyrir 18 tækjarými og töfluherbergi. Verkið er í umsjá og unnið af Kælipjónustu Gísla Wíum og hefur framvinda verksins gengið vel og vinna langt á veg komin. Stefnt er að því að kerfin verði teknin í notkun eitt af öðru upp úr mánaðamótum.



38 GLP



42 PHQ

Íslensk erfðagreining

Íslensk erfðagreining keypti nýverið Clivet loftkælingu í vélasal sinn. Um er að ræða sérhannaðan kælikáp fyrir tölvubúnað. Íslensk erfðagreining gerir miklar kröfur fyrir allan búnað sinn þar sem oftast er um að ræða vandmeðfarinn hátækniþúnað. Þess má einnig geta að Íslensk erfðagreining hefur áður keypt loftkælubúnað frá Kælitækni.



CLIVET VR-DX hjá ÍE

Nýtt útlit Kaldra kveðja

Eins og lesendur hafa væntanlega tekið eftir þá hefur fréttabréfið Kaldar kveðjur fengið nýtt og „cool“ útlit. Framvegis mun blaðið koma út í þessum nýja búning og er það von Kælitækni að útlitið falli vel í kramið hjá lesendum. Einnig er hægt að nálgast Kaldar kveðjur á heimasíðu Kælitækni www.kaelitækni.is

Kaldar kveðjur
Fréttabréf - September 2005
Kælitækni ehf. í 42 ár

Rauðagerði 25 • 108 Reykjavík
Sími 440 1800 • Fax 440 1801
Netfang: kaelitækni@kaelitækni.is
Vefbætur: <http://www.kaelitækni.is>



Októberfest Kælivinafélagssins

Glaumur og gleði hjá kælivinum

Í lok október hélt Kælitækni grillveislu með októberfestivafi fyrir meðlimi Kælivinafélagssins. Veislan var vel sótt og létu menn ekki slæmt veður og snjókomu aftra sér frá að grilla sér dýrindis steikur ofan í svanga gesti sem skuluðu svo matnum niður með "Keep it Cool" ölinu frá Kælitækni. Það er mál manna að veislan hafi heppnast vel og að allir hafi skemmt sér hið besta.

Keep it cool!!!



Kælivinir tóku haustlega til matar



Menn virtust vera sáttir við ölið "Keep it Cool"



Atli hjá Kælingu í góðum gír



Elvar hjá Celsíus tók góðan slagara

Góð sala á North Star krapaísvélum

Krapavél í Venus HF

Nýlega var lokið uppsetningu og gangsetningu krapavélar í frystitogarann Venusi HF. Krapavélin er af gerðinni North Star og er breytt fyrir skip samkvæmt hönnun starfsmanna Kælitækni. Afköst vélarinnar eru 10,8 tonn á sólarhring af hreinum ís miðað við 0°C sjó inn eða um 43 tonn á sólarhring af 25% krapaís.

Vél þessi er tengd beint við frystikerfi skipsins sem er og því ekki þörf á sérstöku vélakerfi.

Vélin dælir krapanum beint frá sér á vinnslupílvarið á mismunandi staði allt eftir þörfum og óskum hverju sinni.

Vélar sem þessar eru ákaflega sterkbyggðar og einfaldar að uppbyggingu og því endingargóðar. M.a. veitir framleiðandinn lífstíðar-ábyrgð á eiminum (Lifetime Warranty) og hafa vélarnar átt sífellt auknum vinsældum að fagna. Krapalagnir á vinnsludekki eru lagðar úr "Fusiotherm rörum" (grænu plaströrum frá Vatni og hita). Vélin var sett um borð af starfsmönnum HB Granda hf. en tengivinna á frystikerfinu var unnin af Optimar Ísland ehf.



Krapavél í Örvar HU

Í byrjun nóvember var afhent og ræst upp krapakerfi í skuttogarann Örvari HU í eigu FISK Seafood. Um er að ræða krapavél frá North Star og er hún ætluð fyrir dælukerfi. Vélin er tengd beint við frystikerfi skipsins. Afköst kerfisins eru 18,2 tonn af ís við 0°C sjó inn, eða um 72 tonn af 25% krapaís á 24 klst.

Uppsetning og tenging vélarinnar var unnin af þeim bræðrum hjá Frysti og kælipjónustunni ásamt heimamönnum en það verk gekk hratt og vel fyrir sig enda er þetta ekki í fyrsta sinn sem þeir setja upp slíkar vélar.

North Star

Kælitækni óskar útgerðum og áhöfnum til hamingju með nýju krapavélarnar.

Hægt er að skoða fleiri myndir á heimasíðu Kælitækni www.kælitækni.is



Nýjungar á lager

Sérverkfæri fyrir fagmanninn

Nýverið tók Kælitækni inn á lager sérverkfæri fyrir kælivektaka og aðra sem þjónusta kælitæki. Má þar nefna: mælalabretti, lekaleitartæki, rörskeyra, rörþenjara, lofttæmidælur o.fl. Það hefur verið mál manna að samkeppni hafi vantað í þessa vöruflokka og vonar Kælitækni að verðið og gæðin komi ekki til með að valda vonbrigðum.

Koparrör og fittings

Koparrör fyrir kælikerfi eru nú til afgreiðslu af lager Kælitækni í öllum stærðum þ.e. í tommum og mm og allt upp í 54mm. Einnig eru koparfittings væntanleg í hús inn skamms.



Tecumseh kælivélar

Nú í desember tekur Kælitækni inn á lager kúlu kælivélar frá Tecumseh. Vélar eru frá 1/10 hp til 3hp. Vélar henta mjög vel t.d. í litla kælikápa og kælikerfi.



Rivacold vatnskældar kælisamstæður

Þá hafa verið til á lager um tíma vatns og loftkæld kerfi með lokuðum Tecumseh þjóppum. Hefur þessum vélum verið tekið vel af kælivektökum sem telja að töluverður vinnusparnaður hljóti af því að nota slíkar samstæður.



Hjá Kælitækni fást í dag flestar þær vörur sem fagmenn í kælibransanum þurfa á að halda. Því má segja að Kælitækni sé að verða **"Sérverslun Kælivektakans"**. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Kælitækni. Einnig eru upplýsingar á heimasíðu www.kælitækni.is

Kælivektakar eru ávallt hjartanlega velkomnir til okkar í Rauðagerði 25, það er alltaf heitt á könnunni.

Vita-Mix

Vita-Mix „Rollsinn“ í blöndurunum

Kælitækni hefur undanfarin ár selt amerísku blandarana frá Vita-Mix. Blandararnir hafa hlotið fádæma góðar viðtökur og eru notaðir mjög víða.

Vita Mix blandararnir eru mjög sterkir og þola mikið álag. Blandararbur mylja auðveldlega klaka í drykkjum og einnig er hægt að útbúa drykki úr freðnum ávöxtum og grænmeti.

Hægt er að fá blandarana í ýmsum gerðum og bjóða þeir upp á margs konar möguleika.

Gaman er að geta þess að Sólveig Eiríksdóttir (Solla) hefur notað blandarana í matreiðsluþáttum á Stöð 2 og á matreiðslunámskeiðum sínum. Þau fyrirtæki sem nota blandara mikið hafa komist að raun um að Vita-Mixblandarinn er sá eini sem dugar almennilega. Má þar nefna t.d. World Class, Boozt-barinn, Ísbúðina í Álfheimum o.fl.

Á heimasíðu kælitækni www.kælitækni.is er hægt að skoða nánar hvaða blandarar eru í boði. Einnig eru allir velkomnir til okkar í Rauðagerði 25, það er alltaf heitt á könnunni.

